



## ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Nefndarsvið Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Ísafjörður, 22. júní 2015  
2015020078

**Efni: 588. mál – umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar**

Hér með tilkynnist yður eftirfarandi umsögn frá 363. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda:

**2015020078 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2015**

*Beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda, 588. mál.*

*Tillaga að umsögn um þingmál 588. tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda.*

*Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsir áncægju með tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda. Ísafjarðarbær hefur lengi glímt við óstöðugt ástand í sjávarútvegi. Íbúar byggðalaga búa við mikið óöryggi um sína nánustu framtíð, hvort vinnslan starfar eða lokar, um úthlutun byggðakvóta og framboð á leigukvóta, svo dæmi séu tekin. Slíkt óöryggi um framtíðina, sem fyrirtæki í sjávarútvegi telja ekki bjóðandi lögaðilum, er sannarlega ekki bjóðandi fólki sem þráir ekkert heitar en vinna þjóðfélagi sínu gagn á heimaslóðum.*

*Byggðafesta veiðiheimilda ætti að treysta afkomuöryggi íbúa í byggðalögum á Vestfjörðum og verða þannig framþróun á sértæka byggðakvótanum. Einnig væri með þessu tekið skref í áttina til þess að færa rótgrónum sjávarþorpum aftur réttinn til fiskiaudlindarinnar að nokkru leyti.*

*Brothættar byggðir á Vestfjörðum er lýsing á því að fjöreggið er eitt og því kastað manna á milli frá ári til árs. Skipulega þarf að vinna að því að skjóta fleiri stöðum undir þessar byggðir með markvissri en skynsamlegri uppbyggingu í tengslum við fiskeldi og ferðamennsku, á sjálfbæran hátt þannig að verði landi og þjóð til sóma.*

Til máls tóku Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti og Gunnhildur Björk Elíasdóttir, Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.  
Tillagan samþykkt 9-0.

Virðingarfyllt,

Þórdís Sif Sigurðardóttir  
bæjarritari